

Erindisbréf

Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala

Samþ. í háskólaráði HÍ 7. febrúar 2013. Endurskoðuð útgáfa samþ. 19. nóvember 2015, 6. júní 2019 og 5. maí 2022.

Hugverkanefnd er þriggja til fjögurra manna nefnd skipuð af háskólaráði samkvæmt tilnefningum háskólarektors sem tilnefnir tvo til þrjá og forstjóra Landspítala sem tilnefnir einn. Háskólaráð ákveður hver skuli gegna starfi formanns. Hugverkanefnd er skipuð til þriggja ára í senn.

Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna, uppfinninga og annarra nýjunga starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítala til góðs fyrir samfélagið í heild.

Hugverkanefnd starfar á grundvelli stefnu Háskóla Íslands og Landspítala.

Verkefni Hugverkanefndar eru meðal annars að:

- a) Hvetja og aðstoða starfsmenn og nemendur til að hagnýta niðurstöður rannsókna, hvort sem þær fela í sér uppfinningar eða aðrar nýjungar. Með uppfinningu er átt við uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir samkvæmt lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi. Með nýjungum er m.a. átt við uppgötvanir, vísindakenningar, stærðfræðiaðferðir, viðskiptaaðferðir, verkþekkingu, hönnun og annað sem ekki fellur undir hugtakið uppfinning í skilningi laga um einkaleyfi nr. 17/1991 eða telst einkaleyfishæft.
- b) Hvetja yfirvöld og fjárfesta til að veita fjármagn í hagnýtingu uppfinninga/nýjunga innan Háskóla Íslands og Landspítala.
- c) Taka stefnumótandi ákvarðanir um forsendur fyrir hagnýtingu verkefna og með hvaða hætti verkefni verða hagnýtt. Hugverkanefnd tekur endanlegar ákvarðanir um fjárhagslega hagnýtingu uppfinninga/nýjunga, þ.á m. efni samninga.
- d) Afsala fyrir hönd Háskóla Íslands og Landspítala réttindum til hagnýtingar, m.a. að því er varðar hagnýtingu sem áður hefur verið ákveðin, telji nefndin slíkt ákjósanlegt.
- e) Semja við starfsmenn og aðra hlutaðeigandi aðila um réttindi, skyldur og fjárhagslega skiptingu tekna.
- f) Hafa umsjón og umsýslu með hugverkum sem framseld hafa verið til nefndarinnar, m.a. með öflun einkaleyfa og skráningu annarra hugverkaréttinda.
- g) Eiga viðræður við hugsanlega nytjaleyfishafa, kaupendur eða aðra samstarfsaðila um hagnýtingu uppfinninga/nýjunga.
- h) Hafa umsjón og umsýslu með gerð samninga er tengjast hagnýtingu.
- i) Aðstoða við stofnun fyrirtækja og leggja þá samninga fyrir rektor Háskóla Íslands og forstjóra Landspítala til samþykktar.
- j) Fylgjast með og afla upplýsinga um rannsóknir og samstarfsverkefni sem Háskóli Íslands og Landspítali og/eða starfsmenn eða namar eru aðilar að, sérstaklega samninga er varða hugverkarétt.

Háskóli Íslands og Landspítali ásamt öðrum háskólum, opinberum rannsóknastofnunum og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu eru aðilar að Auðnu – tæknitorgi ehf. sem vinnur að tækniyfirfærslu fyrir stofnanirnar. Undirritaður verður þjónustusamningur milli Háskóla Íslands og Landspítala við Auðnu sem nánar skilgreinir fyrirkomulag samstarfsins. Á grundvelli þjónustusamningsins undirrita Hugverkanefnd og Auðna þjónustubeiðni um þau

verkefni sem Auðnu er falið að vinna. Hugverkanefnd getur falið Auðnu að vinna eftirfarandi verkefni:

- a) Vinna samninga við uppfinningamenn um framsal og hagnýtingu uppfinningar - frávik frá samningsformi skulu samþykkt af Hugverkanefnd;
- b) Gera viðskiptagreiningu á uppfinningu;
- c) Hafa umsjón og umsýslu með hugverkum sem framseld hafa verið til stofnananna. Ákvarðanir um innlögn, afturköllun og niðurfellingu einkaleyfisumsókna og ákvörðun um að svara athugasemdum einkaleyfayfirvalda og andmælum skulu þó teknar af Hugverkanefnd.
- d) Sækja um einkaleyfastyrki til Rannís fyrir hönd Háskóla Íslands og Landspítala;
- e) Markaðssetja og hefja viðræður við þriðja aðila um hagnýtingu uppfinningar;
- f) Gera samninga við þriðja aðila um hagnýtingu uppfinningar, m.a. með nytjaleyfi eða sölu á hugverki. Samningur skal samþykktur af Hugverkanefnd fyrir undirritun;
- g) Vinna að stofnun sprotafyrirtækis í kringum uppfinningu.

Hugverkanefnd er heimilt að semja um allt að 5% hlutdeild Auðnu í tekjum af leyfissamningum sem Auðna kemur á. Ákvarðanir sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir Háskóla Íslands eða Landspítala skulu bornar undir Hugverkanefnd.

Tekjur Hugverkanefndar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a) Framlag frá Háskóla Íslands og Landspítala til að standa straum af verkefnum nefndarinnar í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun á hverjum tíma.
- b) Framlag samkvæmt leyfissamningum og öðrum samningum um hagnýtingu.
- c) Greiðslur fyrir þjónustustarfsemi byggðá á samningum nefndarinnar.
- d) Styrkir til einstakra verkefna.
- e) Aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Með nefndinni starfa starfsmenn vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands og vísinda- og þróunarsviðs á Landspítala. Nefndin hefur aðgang að þeim gögnum sem þessir aðilar vista um rannsóknir háskólamanna og starfsmanna Landspítala.

Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands sér nefndinni fyrir ritara, aðstöðu og skrifstofu- og sérfræðiþjónustu. Í samráði við Hugverkanefnd getur vísinda- og nýsköpunarsvið haft umsýslu verkefna nefndarinnar. Ritari nefndarinnar annast dagleg störf á hennar vegum. Nefndin getur eftir þörfum leitað til sérfræðinga um mat á einstökum verkefnum og keypt sérfræðiþekkingu, t.d. vegna umsókna um einkaleyfi og samningagerð.

Ritari Hugverkanefndar boðar, í samráði við formann, nefndarfundi í tölvupósti, með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar. Skyld er að boða nefndarfundi óski tveir eða fleiri nefndarmenn þess. Falli atkvæði jöfn á nefndarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum. Ritari Hugverkanefndar ritar fundargerð sem samþykkt skal af nefndarmönnum.

Formaður Hugverkanefndar hefur fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita öll skjöl sem falla undir starf Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala, þ.m.t. umboð til einkaleyfasérfræðinga hér á landi og erlendis, framsal einkaleyfaréttinda, nytjaleyfissamninga,

samninga um sölu hugverka, samninga við einkaleyfasérfræðinga auk annarra samninga og skjala sem tengjast einkaleyfum og einkaleyfaferlinu og fela í sér skuldbindingar fyrir skólann.

Öllum nefndarmönnum og öðrum sem starfa með eða fyrir Hugverkanefnd er skylt að halda leyndri allri vitneskju sem þeir öðlast við framkvæmd starfa sinna með eða fyrir nefndina. Þetta á ekki við ef uppfinningar/nýjungar hafa verið birtar eða gerðar á annan máta aðgengilegar almenningi með lögmætum hætti. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Hugverkanefnd setur sér starfsreglur sem háskólaráð og forstjóri Landspítala staðfesta. Erindisbréf og starfsreglur Hugverkanefndar skulu kynntar starfsmönnum og nemendum Háskóla Íslands og Landspítala. Nefndin skal árlega skila háskólaráði, forstjóra Landspítala og stýrihópi Háskóla Íslands og Landspítala skýrslu um starfsemi sína.